



ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í DALVÍKURBYGGÐ SUMARIÐ 2012

Í blaðinu:

Tengiliðir íþróttar- og æskulýðsfélaga	2
Vinnuskólinn	2
Reiðnámskeið	3
Ungliðastarf í björgunarsveitinni	3
Útivist og hreyfing	3
Dalvík/Reynir, heimaleikir	4
Knattspyrnuæfingar yngri flokka.	4
Hvoll, Byggðasafn sumardagkrá	4
Frjálsar íþróttir	5
Golfæfingar	5
Sundlaug Dalvíkur	6
Sundfélagið Rán	6
Sundnámskeið	6
Íþróttar- og æskulýðsfulltrúi	6

Ýmis viðfangsefni sumarið 2012

Kynningarbæklingurinn er gefin út í þeim tilgangi að taka saman upplýsingar um skipulögð viðfangsefni fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu sumarið 2012.

Íþróttar- og æskulýðsstarf í Dalvíkurbyggð er öflugt og um margt að velja t.d. æfingar í fótbolta, golfi, frjálsum íþróttum, sundi, námskeið í hestamennsku og leikjanámskeið.

Foreldrar, börn og unglingar eru hvött til þess að kynna sér kynningarritið og geyma á góðum stað til að geta fylgst með því sem í boði er.

Gleðilegt íþróttar- og útivistarsumar!!



Leikjanámskeið

Boðið verður upp á leikjanámskeið fyrir börn fædd 2003-2006, vikurnar 25.júní - 6.júlí. Námskeiðið fer fram fyrir og eftir hádegi. Fyrri hópurinn kl. 10:00-12:00 og seinni kl. 13:00-15:00. Ýmislegt skemmtilegt verður gert t.d göngu-, fjöruferðir, bátasmíði og margt fl. Námskeiðið kostar 7000 kr. sem greiðist við skráningu. Skráning hefst föstudaginn 15. júní í Íþróttamiðstöð Dalvíkur. Leiðbeinandi er Arnar Símonarson

Leikjanámskeið U.MF.Reynis

Dagana 11.-22. júní, verður leikjanámskeið í boði fyrir börn frá sex ára (2006) aldri og upp í 13 ára. Farið verður í göngur og leiki í nánasta umhverfi, frjálsar verða teknar fyrir, leikið sér í vatni og í lokin förum við til Hríseyjar. Krakkarnir mæta við aðstöðu Reynis á Árskógsvelli, kl. 13 til 15. Vel klædd og með vatnsbrúsa.

Kennari er Helena Frímannsdóttir íþróttakennari



Tengiliðir íþróttar- og æskulýðsfélaga o.fl.

Eftirtalin félög sinna eða tengjast íþróttar- og/eða æskulýðsstarfi yfir sumartímann.

Fótbolti barna og unglingaráð
Formaður/forráðamaður Katrín Sigurjónsdóttir, s. 824-3989
tölvupóstfang: katrin@norfish.is
www.dalvik.123.is

Frjálsar íþróttir
Formaður/forráðamaður Ingibjörg María Ingvadóttir, s. 861-1386
tölvupóstfang: fvilhelms@simnet.is

Golfklúbburinn Hamar
Formaður/forráðamaður Gísli Bjarnason, s. 863-1329
tölvupóstfang: gisli@dalvikurbyggd.is



Hestamannafélagið Hringur
Formaður/forráðamaður Guðrún Erla Rúdólfssdóttir s. 864-7795
tölvupóstfang: gudrun@samkaupurval.is
Vefsíða: www.hringurdalvik.net

Sundfélagið Rán
Formaður/forráðamaður Elín B Unnarsdóttir s. 466-1679,
tölvupóstfang: elin@vma.is

Ungmennafélagið Reynir
Formaður/forráðamaður Marínó Þorsteinsson s. 466-1955 og 847-4173,
tölvupóstfang: marino@internet.is

Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar
Forsvarsmaður, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri, s. 898-3490,
tölvupóstfang: jonarnar@dalvik.is

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn í Dalvíkurbyggð er fyrir unglinga á aldrinum 14 – 16 ára. Hann er starfræktur í 10 vikur á sumrin, frá byrjun júní til ágústloka. Vinnuvikur og vinnutími er breytilegur eftir aldri unglinganna, t.d. hafa unglingar úr 10. bekk kost á vinnu allan daginn í 10 vikur, en unglingar úr 8. bekk vinna einungis hálfan daginn í 6 vikur. Unglingunum er skipt upp í 5 hópa og er einn flokkstjóri yfir hverjum hóp.

Vinnuskólinn starfar eftir ákveðnum markmiðum. Hann er undirbúningur fyrir almennan vinnumarkað, þar er lögð áhersla á almennar samskiptareglur, ástundun og vinnusemi. Unglingarnir fá kynningu á grundvallaratriðum í vinnubrögðum og notkun verkfæra, reynt er að efla ábyrgð þeirra fyrir nánasta umhverfi og virðingu gagnvart vinnu, yfirmönnum og bæjarbúum.

Verkefni vinnuskólans eru margvísleg, en þar ber helst að nefna:

- Sláttur og hirðing fyrir elli- og örorkulífeyrisþega
- Sláttur og hirðing á opnum svæðum í byggðarlaginu
- Hreinsun og snyrting á beðum og opnum svæðum
- Sópa og mála götur og kantsteina
- Mála og bera á leiktæki á leikvöllum
- Planta út trjá og sumarblómum
- Bera á trjágróður
- Stigagerð
- Tiltekt á ýmsum stöðum og hreinsa rusl
- Ýmislegt annað tilfallandi



Við vinnuskólann er einnig starfræktur hópur sem samanstendur af u.þ.b. 6 manns frá 17 – 20 ára. Þessi hópur er í sérverkefnum á vegum garðyrkjustjóra.

Forstöðumaður vinnuskólans er Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri, s. 898-3490, tölvupóstfang: jonarnar@dalvikurbyggd.is.

Reiðnámskeið

Hestapjónustan Tvistur í samstarfi við Hestamannafélagið Hring bjóða upp á reiðnámskeið fyrir börn og unglinga.

Námskeiðin verða haldin dagana 10.-15. júní, 9.-14. júlí, 13.-18. ágúst. Námskeiðið kostar 14.900 kr. Leiðbeinandi er Sveinbjörn Hjörleifsson. Nánari upplýsingar veitir Elín í síma 466-1679 og 866-9631.

Athugið heimasíðu Hestamannafélagsins Hrings, www.hringurdalvik.net Þar er hægt að fá allar upplýsingar um mót, sýningar og fleira.



Útivist og hreyfing

Ýmsir möguleikar eru til útivistar og hreyfingar í Dalvíkurbyggð aðrir en þeir sem nefndir eru í þessum bæklingi. Áhugasamir í Ferðafélagi Svandæla hafa skipulagt gönguferðir nokkrum sinnum á ári og síðan hafa fleiri haft samband við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og rætt hvort ekki sé hægt að auglýsa annað slagð yfir sumarið viðburði í útivist og hreyfingu. Þetta væru gönguferðir, sögugöngur, hjólaferðir t.d. sveitahringinn, skipulagðar ferðir á merka staði í sveitarfélaginu og nágrenninu og svo mætti lengi telja.

Þessum hugmyndum er fagnað og lýst er eftir fleirum sem eru sama sinnis, saman getum við gert ýmislegt til að auka flóru þess sem heimabyggðin býður okkur upp á.

Það verður seint metið til fjár að verja tíma við holla hreyfingu eða útivist með fjölskyldunni, hvort sem það er sundferð, hjólatúr, sandkastalabygging á Sandinum eða steinasöfnun í næstu fjöru. Leggjum höfuðið í bleyti búum til okkar eigin dagskrá!



Ungliðastarf í björgunarsveitinni

Björgunarsveitin á Dalvík heldur yfir vetrartímann úti ungliðastarfi með fjölbreyttu sniði.

Þar fer saman kennsla og önnur fræðsla á námskeiðum og fundum m.a. um notkun áttavita og korta, notkun gps staðsetningartækja, hvernig menn græja sig til ferða og útivistar ofl. Farið er í ferðir og útilegur, gengið, klifrað, hoppað og skoppað. Er þetta allt af hinu hollasta tagi bæði fyrir líkama og sál. Ekki er jafnmikið um skipulagt ungliðastarf að ræða að sumrinu til en sérstaklega er boðað til viðburða ef einhverjir eru.

Gaman er að taka það fram að ungliðasveitin Dasar á Dalvík er sú stærsta á landinu!



Knattspyrnuæfingar

Sumartafla '12	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
8. flokkur f.ár 06-07-08		kl: 10:00 neðra-gras		kl: 10:00 neðra-gras	
7. flokkur f.ár 04-05	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras	
6. flokkur f.ár 02-03	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras	kl: 09:00 neðra-gras
5. flokkur f.ár 00-01	kl: 11:00 neðra-gras	kl: 11:00 neðra-gras	kl: 11:00 neðra-gras	kl: 11:00 neðra-gras	kl: 11:00 neðra-gras
4. flokkur f.ár 98-99	kl: 18:00 Strönd	kl: 18:00 strönd	kl: 18:00 Strönd	kl: 18:00 Strönd	kl: 18:00 strönd
3. flokkur f. Á 96-97	kl: 19:15 Strönd	kl: 19:15 Strönd	kl: 19:15 Strönd	kl: 19:15 Strönd	kl: 19:15 Strönd
Kvenna- æfingar	kl: 10:00 neðra-gras	kl: 10:00 neðra-gras	kl: 10:00 neðra-gras	kl: 10:00 neðra-gras	kl: 10:00 neðra-gras
Markmanna- æfingar	kl: 17:00 strönd				kl: 10:00 neðra-gras



Nánari
upplýsingar um
mót og fl. Er
hægt að nálgast
á heimasíðu
félagsins [http://
dalvik.123.is](http://dalvik.123.is)



Byggðasafnið Hvoll – Dalvík

Safnið er opið alla daga kl. 11:00 – 18:00, 1. júní – 1. september.

Sumardagskrá 2012

17. júní – sunnudagur, kl. 14:00 Lífsdagbók ástarskálds. Ævi og ástir Páls Ólafssonar. Þórarinn Hjartarson syngur og les ljóð Páls Ólafssonar auk þess að segja sögu sem tengir ljóðin saman.

23.júní – laugardagur, kl. 20.00 fyrir utan byggðasafnið Hvol, Kristján E. Hjartarson segir sögu gamalla húsa á Dalvík.

1.júlí – sunnudagur, kl. 14.00, Síldarstúlka fær málið. Hversdagslíf söltunarstúlku á Hjalteyri sumarið 1915. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur ætlar í erindi sínu að rjúfa skarð í þann þagnarmúr sem hlaðinn er um sögu verkakvenna.

14.júlí – laugardagur kl. 14.00 Hjónin Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson flytja og syngja fallega sumartónlist við fiðlu og gítarundirleik.

28. júlí – laugardagur, kl. 14.00 segir Þóra Rósa Geirsdóttir frá tilurð og starfi kvenfélagsins Tilraunar í Svarfaðardal.

5. ágúst – sunnudagur, kl. 14.00, Tríóið „Tvær á palli með einum kalli“ flytur tónlist úr ýmsum áttum, tangó, lög úr bíómyndum og fleira. Edda og Helga Þórarinsdætur ásamt Kristjáni Hrannari Pálssyni.

9. ágúst – fimmtudagur, kl. 17.00 fyrir utan byggðasafnið Hvol, Kristján E. Hjartarson segir sögu gamalla húsa á Dalvík.

19. ágúst – sunnudagur, kl. 14:00 Lífsdagbók ástarskálds. Ævi og ástir Páls Ólafssonar. Þórarinn Hjartarson flytur sömu dagskrá og á 17. Júní.

Sumarið 2012 er byggðasafnið með litlar sýningar í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík.



Æfingar á vegum Golfklúbbsins Hamars í sumar



Barna- og unglingastarf

Hjá GHD er rekið öflugt barna- og unglingastarf. Börn og unglingar úr GHD hafa staðið sig frábærlega hvar sem þau hafa komið og verið klúbbum til sóma, bæði á keppnisvellinum og utan hans og fullyrða má að fáir klúbbar af þessari stærð geta státað að jafn góðum árangri og GHD hefur náð í yngri aldurflokkum. Með tilkomu inniaðstöðunnar sem tekin var í notkun haustið 2010 varð bylting í æfingaaðstöðu klúbbsins yfir vetrarmánuðina og er það von okkar að hún eigi eftir að skila sér í enn betri kyflingum í framtíðinni.

Við viljum halda úti litla vellinum sem hefur verið hér inni bænum öðru hverju. Yngstu krakkarnir geta æft á litla vellinum og hann nýtist líka þeim sem vilja fá að taka í kyflu öðru hverju yfir sumarið án þess að mæta á æfingar.

Litli völlurinn verður opinn öllum og bæjarbúar eru hvattir til þess að nýta sér hann. Eina sem við förum fram á er að gengið sé vel um hann. Nánari upplýsingar á <http://ghdgolf.net>



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Byrjendanámsk	13:00 - 14:00 Kirkjubrekka	13:00 - 14:00 Kirkjubrekka		13:00 - 14:00 Arnarholtsvelli
Hópur 3	14:00 - 15:00 Kirkjubrekka	14:00 - 15:00 Kirkjubrekka		14:00-15:00 Arnarholtsvelli
Hópur 2	15:30 - 17:00	15:30 - 17:00	15:30 Spilað	15:30 - 17:00
Hópur 1	17:00 - 18:30	16.30 Spilað	15:30 Sveiflutímar	17:00 - 18:30
Hópur 4			18:00 – 19:00	

Hópaskipting

Hópur 1: 7. bekkur og eldri. Lækuð forgjöf.

Hópur 2: 4. - 6. bekkur

Hópur 3: 2006 - 3. bekkur

Hópur 4: 21 árs og yngri. Þessar æfingar eru fyrir þá sem ekki leggja áherslu á keppni. Slegið aðeins og svo farið út að spila. Æfingar á Arnarholtsvelli.

Frjálsíþróttæfingar UMFS í sumar



Æfingarnar byrja miðvikudaginn 6.júní.

Æfingarnar verða á mánudögum og miðvikudögum.

Kl. 17:00-18:00 fyrir 5-10 ára.

Kl. 18:00-19:30 fyrir 11 og eldri.

Sumargjaldið er 8.000 kr fyrir yngri hópinn og 10.000 kr fyrir eldri.

Þjálfari verður Guðrún Ósk Gestsdóttir.



Sundlaug Dalvíkur

Sundnámskeið fyrir börn

Fyrir börn sex ára (fædd 2006) frá 18.– 24. júní (alls 7 skipti)
Fyrir börn fimm ára (fædd 2007) frá 11.–16 júní (alls 6 skipti)
Hver hópur er 45 mínútur í lauginni í senn.

Námskeiðin hefjast kl. 9. og eru á klukku tíma fresti.

Námskeiðsgjald fyrir börn fædd 2006 er 5.000 kr. og fyrir börn fædd 2007 kr. 4.700 kr. Námskeiðisgjald greiðist við skráningu og er 25% systkynaafsláttur veittur.

Mikilvægt er að börnin séu mætt 10 mínútur fyrir tíma.

Kennari er Helena Frímannsdóttir íþróttakennari.

Í gegnum tíðina eru ófá börn sem hafa sigrast á vatnshræðslu á þessum námskeiðum. Mörg börn læra sín fyrstu sundtök og enn aðrir bæta við fyrri kunnáttu. Frábær undirbúningur fyrir skólasundkennslu.

Kennslan fer að miklu leiti fram í leikjaformi. Aðaláherslan er að börnin aðlagist vatninu og að þau séu óhrædd við að hreyfa sig á sem fjölbreyttastan hátt í því. Reynt er eftir bestu getu að koma til móts við þarfir allra barna, en ekki má gleyma því að aldrei eru grunnatriðin of oft æfð. Foreldrum er velkomið að koma og fylgjast með sundtímum. En munið að hluti af því að efla sjálfstæði barnanna er að gefa þeim færi á að njóta sín óstudd og einbeita sér að fullu að leiðbeiningum kennara. Í lok námskeiðs munu þau bjóða ykkur að koma og fylgjast með sér þar sem þau sýna hvað þau hafa lært á námskeiðinu.

Upplýsingar er hægt að fá í afgreiðslu Íþróttamiðstöðvar í síma 466-3233.

Skráning fyrir námskeið barna fædd 2007 fer fram 6. – 9. júní í afgreiðslu Íþróttamiðstöðvar.

Skráning fyrir námskeið barna fædd 2006 fer fram í afgreiðslu Íþróttamiðstöðvar 6. – 15. júní.

Greiða verður námskeiðisgjald við skráningu.

Sundkveðja, starfsfólk Íþróttamiðstöðvar Dalvíkur.



Sumaropnun í heilsurækt og sundlaug

Mánud.-fimmtud. kl. 6:15 - 20:00,

Föstudaga kl. 6:15 -19:00

Laugar– og sunnudaga er opið frá kl. 10:00 - 18:00.

Netfang sundlaugarinnar er: sundlaug@dalvik.is

Heimasíða Sundlaugar Dalvíkur er:

www.dalvik.is/sundlaug

Sundfélagið Rán

Sundfélagið Rán mun bjóða upp á sundæfingar í tvær vikur fyrir unglingalandsmót Íslands dagana 23. júlí - 1. ágúst. Nánari upplýsingar gefur Elín Björk Unnarssdóttir s: 466-1679 og 866-9631.

Heimaleikir Dalvík-Reynis í sumar



23. júní D/R - Afturelding kl. 14:00

6. júlí D/R - Grótta kl. 18:00

10. júlí D/R - KV kl. 20:00

27. júlí D/R - HK kl. 20:00

9. ágúst D/R - KF kl. 19:00

20. ágúst D/R - Völsungur kl. 19:00

1. sept D/R - Reynir Sandgerði kl. 14:00

22.sept D/R - KFR kl. 14:00

Nánari upplýsingar um útileiki og fleira sem við kemur Dalvík/Reyni er að finna á heimasíðu liðsins.

<http://www.dalvik-reynir.is>

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Árni Jónsson er íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar.

Skrifstofa íþróttá- og æskulýðsfulltrúa er á bæjarskrifstofu og í Íþróttamiðstöð.

Sími á skrifstofu er 460-4913,

Tölvupóstfang er arni@dalvikurbyggd.is.

Tjaldsvæði Dalvíkur er í umsjón starfsmanna Sundlaugar Dalvíkur.

Heimasíða tjaldsvæðisins er:
www.dalvik.is/tjaldsvaedi

Upplýsingablað um íþróttá- og tómstundastarf í Dalvíkurbyggð sumarið 2012